

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Dalvíkur 1992-2012, íbúðarbyggð við Kirkjuveg, Dalvík.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. september 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Dalvíkur 1992-2012, frá 25. maí 1993.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Gert er ráð fyrir íbúðarbyggð beggja vegna Kirkjuvegar, alls um 17 íbúðir á um 1,3 ha.
- Stofnanasvæði (S2) minnkar lítillega að austanverðu vegna nýja íbúðarsvæðisins og við það breytist landnotkun úr blandaðri landnotkun stofnanasvæðis og íbúðarsvæðis í stofnanasvæði.
- Miðbæjarsvæði norðan Kirkjuvegar minnkar úr 1,5 ha í 1,1 ha vegna nýja íbúðarsvæðisins.
- Opið óbyggt svæði (Ú3) minnkar úr 2,9 ha í 2,4 ha vegna 0,5 ha íbúðarsvæðis sunnan Kirkjuvegar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Dalvíkurbyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 21. september 2006.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.